

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1413

2017/EES/17/21

frá 24. ágúst 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 samþykkti framkvæmdastjórnin reglugerð (ESB) nr. 432/2012 ⁽²⁾ um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.
- 3) Listinn yfir leyfðar heilsufullyrðingar og skilyrði fyrir notkun þeirra eru sett fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012. Tvær fullyrðingar hafa verið leyfðar varðandi staðgöngumáltíð til að stýra þyngd. Til að hægt sé að nota fullyrðingarnar er þess krafist í skilyrðum fyrir notkun þeirra að matvælin séu í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB ⁽³⁾.
- 4) Þessar fullyrðingar voru á listanum yfir leyfðar heilsufullyrðingar samkvæmt jákvæðu álitni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) frá 2010 (spurning nr. EFSA-Q-2008-2154, EFSA-Q-2008-2155 ⁽⁴⁾) þar sem komist var að því að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli neyslu á staðgöngumáltíðum í stað reglubundinna máltíða og þess að halda líkamsþyngd eftir þyngdartap og einnig milli neyslu á staðgöngumáltíðum í stað reglubundinna máltíða í tengslum við orkuskert megrunarfæði [áður „orkusnautt megrunarfæði“ og „orkuminna megrunarfæði“] og minnkunar á líkamsþyngd. Þar kom fram að matvæli ættu að innihalda að hámarki 250 kkal í hverjum skammti og vera í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/8/EB til að hægt sé að nota fullyrðingarnar.
- 5) Í tilskipun 96/8/EB er mælt fyrir um kröfur varðandi samsetningu matvæla sem nota á í orkusnautt megrunarfæði sem koma í stað daglegrar fæðu í heild sinni eða hluta hennar og tilgreindar eru lögboðnar upplýsingar sem skulu koma fram í merkingum þessara framleiðsluvara. Þar er kveðið á um, að því er varðar framleiðsluvörur sem eru kynntar með þeim hætti að þær komi í stað einnar eða fleiri máltíða sem eru hluti daglegrar fæðu, að söluheiti þeirra skuli vera „Staðgöngu-máltíð til að stýra þyngd“ [áður staðgönguefni máltíðar til að stýra þyngd].

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2016, ESB L 230, 25.8.2016, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 2006, ESB L 404, 30.12.2006 bls. 9.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stj. 2012, ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB frá 26. febrúar 1996 um matvæli sem nota á sem orkusnautt megrunarfæði (Stj. 1996, EB L 55, 6.3.1996, bls. 22).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(2), 1466.

- 6) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ⁽¹⁾ er lagaramminn sem gildir um matvæli til sérstakra, næringarlegra nota endurskoðaður. Þar er kveðið á um að frá 20. júlí 2016 gildi tilskipun 96/8/EB ekki um matvæli sem eru kynnt með þeim hætti að þau komi í stað einnar eða fleiri máltíða sem eru hluti daglegrar fæðu; í framtíðinni ættu þau að falla undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ættu að uppfylla kröfur sem þar eru settar fram.
- 7) Því þarf að setja fram skilyrði fyrir notkun þessara fullyrðinga í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 432/2012 í stað tilvísana í tilskipun 96/8/EB að því er varðar heilsufullyrðingar sem má nota á staðgöngumáلتíðir til að stýra þyngd.
- 8) Með 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er framkvæmdastjórninni heimilað, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnunina, að samþykkja breytingar á listanum yfir leyfðar heilsufullyrðingar sem byggjast á almennt viðurkenndum rannsóknaniðurstöðum.
- 9) Þegar nauðsynlegar tæknilegar aðlaganir varðandi heilsufullyrðingar fyrir staðgöngumáلتíð til að stýra þyngd eru innleiddar ætti að taka tillit til krafna, að því er varðar magn vítamína og steinefna í matvælum, sem settar eru fram í tilskipun 96/8/EB.
- 10) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Í A-hluta XIII. viðauka eru sett fram næringarviðmiðunargildi fyrir vítamín og steinefni á grundvelli nýlegrar vísindalegrar ráðgjafar.
- 11) Til samræmis við það fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnunina að hún veitti vísindalega ráðgjöf um hvort breyting á skilyrðum fyrir notkun heilsufullyrðinga á staðgöngumáلتíðir til að stýra þyngd, að því er varðar samsetningu vítamína og steinefna í þeim (30% af næringarviðmiðunargildum fyrir vítamín og steinefni sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 í stað 30% af gildum fyrir vítamín og steinefni sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/8/EB), hefði áhrif á niðurstöðuna sem fékkst í álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2010 að því er varðar vísindalega sönnun á heilsufullyrðingum sem varða staðgöngumáلتíð til að stýra þyngd.
- 12) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti álit 28. október 2015 (spurning nr. EFSA-Q-2015-00579) ⁽³⁾ og komst að þeirri niðurstöðu að munur á samsetningu snefilefna í staðgöngumáلتíðum sem væri tilkominn vegna breytinga á notkunarskilyrðunum úr tilskipun 96/8/EB yfir í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 hefði ekki áhrif á vísindalega sönnun á heilsufullyrðingum í tengslum við staðgöngumáلتíðir til að stýra þyngd og minnkunar á líkamsþyngd og þess að halda líkamsþyngd eftir þyngdartap.
- 13) Í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 eru tilgreind næringarviðmiðunargildi fyrir flúoríð, króm, klóríð og mólýbden. Í tilskipun 96/8/EB er ekki gerð sú krafa að þessum snefilefnum sé bætt við staðgöngumáلتíðir til að stýra þyngd. Að teknu tilliti til þess að fullyrt áhrif staðgöngumáلتíðar til að stýra þyngd tengjast stýrðu orkuinnihaldi og hlutfallslega prótínriku/fitulitlu innihaldi er ekki þörf á að krefjast þess að staðgöngumáلتíð til að stýra þyngd innihaldi a.m.k. 30% af næringarviðmiðunargildum fyrir flúoríð, króm, klóríð og mólýbden á hverja máلتíð, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011.
- 14) Í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 er ekki sett fram næringarviðmiðunargildi fyrir natríum. Að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar á staðgöngumáلتíðarvörum til að stýra þyngd ætti þó krafan um að hver máلتíð innihaldi 30% af natríummagninu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 96/8/EB að haldast í skilyrðunum fyrir notkun þessara heilsufullyrðinga.
- 15) Í A-hluta XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 er fastsett næringarviðmiðunargildi fyrir kalíum sem nemur 2000 milligrömmum. Í tilskipun 96/8/EB er ekki gerð sú krafa að staðgöngumáلتíð til að stýra þyngd innihaldi 30% af kalíumgildinu en þar er fastsett lágmarksmagn sem nemur 500 milligrömm á hverja máلتíð. Þessu gildi ætti að viðhalda.
- 16) Þar eð álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2015 staðfesti álit hennar frá 2010, að því er varðar orkuinnihald viðkomandi framleiðsluvara, ætti að fastsetja að hver skammtur innihaldi að hámarki 250 kkal. Viðhalda ætti kröfunum, sem settar eru fram í tilskipun 96/8/EB, um fituefni, prótín og amínósýrur.
- 17) Að því er varðar lögboðnar upplýsingar, sem ættu að koma fram á merkingum staðgöngumáلتíða til að stýra þyngd, ætti að viðhalda kröfum um matvælaupplýsingar, sem koma fram í tilskipun 96/8/EB, í skilyrðum fyrir notkun viðkomandi heilsufullyrðinga.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjttíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjttíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13 (11): 4287.

- 18) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að laga sig að nauðsynlegum breytingum varðandi skilyrði fyrir notkun heilsufullyrðinga fyrir staðgöngumáltíðir til að stýra þyngd, einkum varðandi orkuinnihald og innihald vítamína og steinefna, ætti að kveða á um umbreytingartímabil.
- 19) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.
- 20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslanna fyrir matvælaflokkinn „Staðgöngumáltíð til að stýra þyngd“ [áður Staðgönguefni máltíðar til að stýra þyngd] í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 komi eftirfarandi:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats						
„Staðgöngumáltíð til að stýra þyngd	Það að láta staðgöngumáltíð koma í stað einnar helstu máltíðar á dag, sem hluta af orkuskertu mataræði, stuðlar að viðhaldi þyngdar eftir þyngdartap	<p>Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skulu matvælin uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <p>1. Orkuinnihald Orkuinnihaldið skal vera a.m.k. 200 kkal (840 kJ) og skal ekki fara yfir 250 kkal (1 046 kJ) á hverja máltíð (*).</p> <p>2. Fituinnihald og samsetning Orka úr fituefnum skal ekki nema meira en 30% af heildarorkuinnihaldi framleiðsluvörunnar. Línólsýra (í formi glýseríða) skal vera a.m.k. 1 g.</p> <p>3. Prótíninnihald og samsetning Prótíninnihald matvælna skal ekki vera undir 25% og ekki yfir 50% af heildarorkuinnihaldi framleiðsluvörunnar. Efnastuðullinn fyrir prótín skal jafngilda þeim sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fastsetti í „Energy and protein requirements“. Skýrsla af sameiginlegum fundi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Genf. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 1985 (WHO Technical Report Series, 724): Kröfur varðandi amínósýrur (g/100g prótín)</p> <table border="1" data-bbox="663 1201 1240 1418"> <tbody> <tr> <td>Systín + meþíónín</td> <td>1,7</td> </tr> <tr> <td>Histidín</td> <td>1,6</td> </tr> <tr> <td>Ísólefsín</td> <td>1,3</td> </tr> </tbody> </table>	Systín + meþíónín	1,7	Histidín	1,6	Ísólefsín	1,3	<p>Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytandanum upplýsingar um mikilvægi þess að innbyrða daglega nægilega mikinn vökva og að framleiðsluvörunnar geri aðeins það gagn sem sóst er eftir sem hluti af orkuskertu megrunarfæði og að önnur matvæli verði að koma til sem hluti slíkrar fæðu.</p> <p>Ein staðgöngumáltíð skal koma í stað einnar helstu máltíðar á dag til að fá fram fullyrta áhrifin.</p>	2010 8(2), 1466 2015 13(11), 4287	1418
Systín + meþíónín	1,7										
Histidín	1,6										
Ísólefsín	1,3										

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats												
		<table border="1" data-bbox="658 352 1245 746"> <tr> <td>Lefsín</td> <td>1,9</td> </tr> <tr> <td>Lýsín</td> <td>1,6</td> </tr> <tr> <td>Fenýlalanín + týrósín</td> <td>1,9</td> </tr> <tr> <td>Þreónín</td> <td>0,9</td> </tr> <tr> <td>Trýptófan</td> <td>0,5</td> </tr> <tr> <td>Valín</td> <td>1,3</td> </tr> </table> <p data-bbox="658 804 1245 895">Með „efnastuðli“ er átt við lægsta hlutfall milli magns sérhverrar lífsnauðsynlegrar amínósýru í prófunarprótíninu og magns tilsvareandi amínósýru í viðmiðunarprótíninu.</p> <p data-bbox="658 914 1245 1034">Ef efnastuðullinn er undir 100% af viðmiðunarprótíninu skal hækka lágmarksprótínigildið með tilsvareandi hætti. Efnastuðull fyrir prótín skal í öllu falli a.m.k. jafngilda 80% af efnastuðli viðmiðunarprótínsins.</p> <p data-bbox="658 1053 1245 1144">Í öllum tilvikum er einungis heimilt að bæta við amínósýrum í þeim tilgangi að auka næringargildi prótínanna og aðeins í þeim hlutföllum sem eru nauðsynleg í því skyni.</p> <p data-bbox="658 1163 898 1184">4. Vítamín og steinefni</p> <p data-bbox="658 1203 1245 1422">Matvælin skulu innihalda a.m.k. 30% af næringarviðmiðunargildum fyrir vítamín og steinefni á hverja máltíð eins og mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Þessi krafa gildir ekki um flúóríð, króm, klóríð og mólýbden. Matvælin skulu innihalda a.m.k. 172,5 mg af natríumi á hverja máltíð. Matvælin skulu innihalda a.m.k. 500 mg ^(**) af kalcíumi á hverja máltíð.</p>	Lefsín	1,9	Lýsín	1,6	Fenýlalanín + týrósín	1,9	Þreónín	0,9	Trýptófan	0,5	Valín	1,3			
Lefsín	1,9																
Lýsín	1,6																
Fenýlalanín + týrósín	1,9																
Þreónín	0,9																
Trýptófan	0,5																
Valín	1,3																

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats												
Staðgöngumáltíð til að stýra þyngd	Það að láta staðgöngumáltíð koma í stað tveggja helstu máltíða á dag, sem hluta af orkuskertu megrunarfæði, stuðlar að þyngdartapi	<p>Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skulu matvælin uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <ol style="list-style-type: none"> Orkuinnihald Orkuinnihaldið skal vera a.m.k. 200 kkal (840 kJ) og skal ekki fara yfir 250 kkal (1 046 kJ) á hverja máltíð (*). Fituinnihald og samsetning Orka úr fituefnum skal ekki nema meira en 30% af heildarorkuinnihaldi framleiðsluvörunnar. Línólsýra (í formi glýseríða) skal vera a.m.k. 1 g. Prótíninnihald og samsetning Prótíninnihald matvælna skal ekki vera undir 25% og ekki yfir 50% af heildarorkuinnihaldi framleiðsluvörunnar. Efnastuðullinn fyrir prótín skal jafngilda þeim sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fastsetti í „Energy and protein requirements“. Skýrsla af sameiginlegum fundi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Genf. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 1985 (WHO Technical Report Series, 724): Kröfur varðandi amínósýrur (g/100g prótín) <table border="1" data-bbox="663 1054 1240 1434"> <tbody> <tr> <td>Systín + meþíónín</td> <td>1,7</td> </tr> <tr> <td>Histidín</td> <td>1,6</td> </tr> <tr> <td>Ísólefsín</td> <td>1,3</td> </tr> <tr> <td>Lefsín</td> <td>1,9</td> </tr> <tr> <td>Lýsín</td> <td>1,6</td> </tr> <tr> <td>Fenýlalanín + týrósín</td> <td>1,9</td> </tr> </tbody> </table>	Systín + meþíónín	1,7	Histidín	1,6	Ísólefsín	1,3	Lefsín	1,9	Lýsín	1,6	Fenýlalanín + týrósín	1,9	<p>Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytandanum upplýsingar um mikilvægi þess að innbyrða daglega nægilega mikinn vökva og að framleiðsluvörunnar geri aðeins það gagn sem sóst er eftir sem hluti af orkuskertu megrunarfæði og að önnur matvæli verði að koma til sem hluti slíkrar fæðu.</p> <p>Tvær staðgöngumáltíðir skulu koma í stað tveggja helstu máltíða á dag til að fá fram fullyrta áhrifin.</p>	2010 8(2), 1466 2015 13(11), 4287	1417
Systín + meþíónín	1,7																
Histidín	1,6																
Ísólefsín	1,3																
Lefsín	1,9																
Lýsín	1,6																
Fenýlalanín + týrósín	1,9																

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats						
		<table border="1" data-bbox="663 327 1240 464"> <tr> <td>Þreónín</td> <td>0,9</td> </tr> <tr> <td>Trýptófan</td> <td>0,5</td> </tr> <tr> <td>Valín</td> <td>1,3</td> </tr> </table> <p data-bbox="651 547 1252 639">Með „efnastuðli“ er átt við lægsta hlutfall milli magns sérhverrar lífsnauðsynlegrar amínósýru í prófunarprótíninu og magns tilsvareandi amínósýru í viðmiðunarprótíninu.</p> <p data-bbox="651 655 1252 778">Ef efnastuðullinn er undir 100% af viðmiðunarprótíninu skal hækka lágmarksprótíngildið með tilsvareandi hætti. Efnastuðull fyrir prótín skal í öllu falli a.m.k. jafngilda 80% af efnastuðli viðmiðunarprótínsins.</p> <p data-bbox="651 794 1252 887">Í öllum tilvikum er einungis heimilt að bæta við amínósýrum í þeim tilgangi að auka næringargildi prótínanna og aðeins í þeim hlutföllum sem eru nauðsynleg í því skyni.</p> <p data-bbox="651 903 898 930">4. Vítamín og steinefni</p> <p data-bbox="651 946 1252 1166">Matvælin skulu innihalda a.m.k. 30% af næringarviðmiðunargildum fyrir vítamín og steinefni á hverja máltíð eins og mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Þessi krafa gildir ekki um flúoríð, króm, klóríð og mólýbden. Matvælin skulu innihalda a.m.k. 172,5 mg af natríumi á hverja máltíð. Matvælin skulu innihalda a.m.k. 500 mg ^(**) af kalfumi á hverja máltíð.</p>	Þreónín	0,9	Trýptófan	0,5	Valín	1,3			
Þreónín	0,9										
Trýptófan	0,5										
Valín	1,3										

(*) Frá 21. júlí 2016 til 14. september 2019 skal orkuinnihald matvæla vera a.m.k. 200 kkal (840 kJ) og skal ekki fara yfir 400 kkal (1 680 kJ).

(**) Frá 21. júlí 2016 til 14. september 2019 skulu matvælin innihalda a.m.k. 30% af vítamínum og steinefnum, sem tilgreind eru í töflunni hér fyrir neðan, á hverja máltíð:

A-vítamín	(µg RE)	700
D-vítamín	(µg)	5

E-vítamín	(mg)	10
C-vítamín	(mg)	45
Þíamín	(mg)	1,1
Ríbóflavín	(mg)	1,6
Níasín	(mg-NE)	18
B ₆ -vítamín	(mg)	1,5
Fólat	(µg)	200
B ₁₂ -vítamín	(µg)	1,4
Bíótín	(µg)	15
Pantóþensýra	(mg)	3
Kalsíum	(mg)	700
Fosfór	(mg)	550
Járn	(mg)	16
Sink	(mg)	9,5
Kopar	(mg)	1,1
Joð	(µg)	130
Selen	(µg)	55
Natríum	(mg)	575
Magnesíum	(mg)	150
Mangan	(mg)	1

Frá 21. júlí 2016 til 14. september 2019 skulu matvælin innihalda a.m.k. 500 mg. af kalíumi á hverja máltíð.“